



Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 10. október 2025

Efni: Drög að nýjum reglum Kópavogsbæjar um notendasamninga lögð fram til afgreiðslu.

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 8. september sl. voru lögð fram til kynningar drög að nýjum reglum Kópavogsbæjar um notendasamninga. Ráðið bókaði:

„Velferðar- og mannréttindaráð vísar drögum að nýjum reglum um notendasamninga til umsagnar í notendaráði í málefnum fatlaðs fólks og öldungaráði ásamt framkomnum athugasemdum.“

Á fundi notendaráðs í málefnum fatlaðs fólks þann 6. október sl. voru drög að reglunum lögð fram til kynningar og umsagnar. Ráðið bókaði:

„Notendaráð þakkar kynninguna á drögum að nýjum reglum Kópavogsbæjar um notendasamninga og gerir engar athugasemdir.“

Á fundi öldungaráðs þann 9. október sl. voru drög að reglunum lögð fram til kynningar og umsagnar. Ráðið bókaði:

„Öldungaráð þakkar kynninguna á drögum að nýjum reglum Kópavogsbæjar um notendasamninga og gerir engar athugasemdir.“

Eins og fram kom í minnisblaði skrifstofustjóra dags. 2.9.2025 (fylgiskjal 1) hefur velferðarsviði verið verið heimilt á grundvelli laga og eldri reglna að gera notendasamninga. Velferðarsvið er með tíu virka notendasamninga í gildi þar af þrjá vegna þjónustu við börn eða ungmenni. Gildistaka reglnanna mun ekki hafa nein fjárhagsleg áhrif.

Nú eru drög að nýjum reglum Kópavogsbæjar um notendasamninga (fylgiskjal 2) lögð fram til afgreiðslu velferðar- og mannréttindaráðs og lagt til að þeim verði vísað áfram til staðfestingar í bæjarstjórn Kópavogs.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri

Fylgiskjal 1: Minnisblað – drög að nýjum reglum um notendasamninga.

Fylgiskjal 2: Reglur Kópavogsbæjar um notendasamninga.

